

**Ed.**

**769. Frumvarp til laga**

[130. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962,  
um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

**1. gr.**

Við 17. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969,  
bætist tvær nýjar mgr., sem verða 2.—3. mgr., svo hljóðandi:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem  
ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85  
krónur á úthaldsdag og áhafnarman. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur  
viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeilda aflatryggingasjóðs, sem deildin setur  
fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla  
atvinnu af þessum störfum eigi skemmtíma en fimm mánuði á ári og eigendur  
þessara báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og lif- og örorkutrygg-  
ingum sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a- og b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., skulu breytast  
í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

**2. gr.**

18. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969,  
orðist svo:

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en  
einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í  
heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

**3. gr.**

Á eftir 1. málslið 19. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga  
nr. 74/1969, komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags  
Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar  
1969.